



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Útleiga á skólahúsnæði Flensborgarskólans

Gjaldskrá tekur gildi frá 1. ágúst 2017.

Húsnæði – leigutími 2 klst. (fyrir fyrirlestra, námskeið, smærri viðburði)

- Fyrirlestrarsalur	kr. 35.000
- Kennslustofa	kr. 25.000
- Hátíðarsalur	kr. 45.000

Húsnæði – leigutími 4 klst. (lengri fundir, fermingar, skírn, ættarmót)

- Hátíðarsalur	kr. 80.000
- Fyrirlestrarsalur	kr. 50.000

Húsnæði – leigutími 6 klst. (lengri fundir, fermingar, lengri veislur)

- Hátíðarsalur	kr. 100.000
----------------	-------------

Húsnæði með aðgangi að eldhúsi – leigutími 4 klst. (styttri veislur, sbr skírn, fermingar)

- Hátíðarsalur með borðbúnaði	kr. 90.000
-------------------------------	------------

Húsnæði með aðgang að eldhúsi – leigutími 6 klst. (lengri veislur)

- Hátíðarsalur með borðbúnaði	kr. 115.000
-------------------------------	-------------

Húsnæði með aðgang að eldhúsi – leigutími 8 klst. (lengri veislur, sbr afmæli, brúðkaup)

- Hátíðarsalur með borðbúnaði	kr. 125.000
-------------------------------	-------------

***Viðbótargjald vegna lengri útleigu er 7.500 kr. p. klst.**

***ATH. ef fleiri en 100 manns eru á staðnum þarf tvo starfsmenn og er greitt viðbótargjald fyrir slíkt, kr 7.500 kr. p klst.**

***Viðbótargjald vegna þyngri þrifa kr. 30.000 (lengri veislur, sbr brúðkaup, stórafmæli etc)**

Reglur um útleigu á húsnæði Flensborgarskólans í Hafnarfirði

Ef leigutaki stendur fyrir samkomu sem er leyfisskyld hjá sýslumanni þá ber hann ábyrgð á að leyfi sé til staðar. Ef það er ekki fellur leigusamningur niður á kostnað leigutaka. Sama gildir um sektir eða refsikostnað.

Með leigu á hátíðarsal og/eða fyrirlestrarsal er aðgangur að anddyri, fatahengi og snyrtingum á 1. hæð í Hamri. Ræsting, kaffiuppáhelling, uppvask, frágangur og eftirlit með húsnæði á meðan leigu á skólahúsnæði stendur er innifalin í verðskrá.

Hægt er að leigja hátíðarsal til kl. 01.00 á kvöldin.

Afnot að eldhúsi eru takmörkuð. Ekki er leyfilegt að matreiða veislu á staðnum.

Til er borðbúnaður fyrir allt að 400 manns. Ekki er boðið upp á dúkaleigu. Leiga á flygli kostar aukalega, kr. **20.000**

Innfalið í salarleigu er aðgangur að skjávarpa og mikrafón. Hljóðkerfi er á staðnum, en hljóðmaður er ekki til staðar.

Leigutaki tekur við húsnæði hreinu og húsgögn eru samkvæmt daglegri uppröðun. Leigutaki sér sjálfur um að stilla salnum upp og skreyta. Leigutaki skal skila húsnæði með samskonar uppröðun og hann tók við því nema samið hafi verið um annað.

Afhending og skil salar fer að jafnaði fram samdægurs og er gert ráð fyrir í leigutíma.

Umfangsmeyri undirbúningur vegna salarleigu s.s. skreytingar og umsýsla vegna tæknimála þarf að vinna í samráði við umsjónarmann fasteigna á dagvinnutíma.

Fyrirspurnir, útleiga og greiðslur vegna leigu á skólahúsnæði fara fram hjá fjármálastjóra skólans á starfstíma skólans. Staðfestingargjald greitt fyrirfram kr. 20.000.